

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 51 95. ár

Föstudaginn 24. maí 2002

Stefnur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Ásgeir Sigurðsson ehf., kt. 430169-2469, Vatnagörðum 20, 104 Reykjavík
Stefndi: Hörður Jónsson, kt. 061144-2509, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Helgi Jóhannesson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 179.292, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. í III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 179.292 frá 14. september 2001 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er heildverslun með efnavörur til framleiðslu og í efna- laugar. Skuld þessi rís vegna viðskipta stefnanda og stefnda en stefndi keypti vörur hjá stefnanda skv. reikningi SR 105713 dags. 14. september 2001 að fjárhæð kr. 179.292. Höfuðstóll skuldarinnar er kr. 179.292 og er það stefnufjárhæð máls þessa. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Skv. Þjóðskrá er stefndi óstaðsettur í hús. Ber stefnanda því nauðsyn til að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi samninga. Þá er ennfreður vísað til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum ásamt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- Reikning nr. SR105713.
- Afrit innheimtubréfs dags. 28. janúar 2002.
- Staðfestingu Þjóðskrár.
- Lögbirtingablað þar sem stefna þessi birtist.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, þann 27. júní 2002, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvars- manna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 10. maí 2002.
F.h. stefnanda,
Helgi Jóhannesson hrl.

Auglýsing

um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjár- skuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir júní 2002:

Vísitala neysluverðs: 221,8 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.379 stig.

Reykjavík, 14. maí 2002.

Hagstofa Íslands.

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar

Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvamsvegi að Álftanesvegi.

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvamsvegi að Álftanesvegi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 24. maí til 5. júlí 2002 á eftirtöldum stöðum: Á Bókasafni Garðabæjar, Bókasafni Kópavogs, Bókasafni Hafnarfjarðar og bæjarskrifstofum Kópavogs- og Garðabæjar. Einnig liggur skýrslan frammi í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Mats- skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hnits: www.hnit.is.

Tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð frá Álftanesvegi að Ásbraut.

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um tvöföldun Reykja- nesbrautar um Hafnarfjörð frá Álftanesvegi að Ásbraut.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 24. maí til 5. júlí 2002 á eftirtöldum stöðum: Á Bókasafni Hafnarfjarðar, Bókasafni Garðabæjar og bæjarskrifstofum Hafnarfjarðar- og Garðabæjar. Einnig liggur skýrslan frammi í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu VST: www.vst.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér ofangreindar framkvæmdir og leggja fram athugasemdir.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 5. júlí 2002 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfreður nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun.

Auglýsing

um tillögu að deiliskipulagi í V-Eyjafjallahreppi

Frístundahúsalóðir í landi Fornusanda.

Hreppsnefnd V-Eyjafjallahrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Fornusanda, V-Eyjafjallahreppi, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Um er að ræða fjórar lóðir sem staðsettar eru í næsta nágrenni núverandi íbúðarhúss.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Rangárþings eystra að Hlíðarvegi 16, Hvolsvelli, frá og með föstudeginum 24. maí nk. til 21. júní 2002.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til mánudagsins 5. júlí 2002.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Rangárþings eystra að Hlíðarvegi 16, 860 Hvolsvelli.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi V-Eyjafjallahrepps.

Auglýsing um skipulagsáætlanir í Mýrdalshreppi

Tillaga að skipulagi lóðar fyrir vistheimili í landi Kerlingadals.
Hreppsnefnd Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögu að skipulagi lóðar fyrir vistheimili að Kerlingadal í Mýrdalshreppi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Tillagan tekur til u.þ.b. 1,3 ha svæðis.
Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Mýrarbraut 13 í Vík frá og með föstudeginum 24. maí nk. til 21. júní 2002.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til mánudagsins 5. júlí 2002.
Skila skal athugasemdum á skrifstofu Mýrdalshrepps, Mýrarbraut 13.
Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis að Völlum.
Hreppsnefnd Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu-svæði að Völlum í Mýrdalshreppi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Tillagan tekur til u.þ.b. 1,6 ha svæðis við veg nr. 219 suðaustan Péturseyjar.
Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Mýrarbraut 13 í Vík frá og með föstu-deginum 24. maí nk. til 21. júní 2002.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til mánudagsins 5. júlí 2002.
Skila skal athugasemdum á skrifstofu Mýrdalshrepps, Mýrarbraut 13.
Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Dyrhólaey.
Hreppsnefnd Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir Dyrhólaey skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
Tillagan tekur til þess svæðis sem friðlýst er skv. náttúruverndarlögum að undanskildum Mávadrangi og Lundadrangi.
Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Mýrarbraut 13 í Vík frá og með föstudeginum 24. maí nk. til 21. júní 2002.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til mánudagsins 5. júlí 2002.
Skila skal athugasemdum á skrifstofu Mýrdalshrepps, Mýrarbraut 13, 870 Vík.
Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

5471)

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Sparisjóður vélstjóra, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík
Stefndi: Samúel Ágústsson, kt. 031253-6839, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Hanna Lára Helgadóttir hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 63.315, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. í III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 63.315 frá 5. september 2001 til greiðslu-dags. .

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er til komin vegna óheimils yfirdráttar á tékkareikn-ingi stefnda nr. 1175-26-11259 í Sparisjóði vél-stjóra, Reykjavík. Umsókn stefnda um stofnun tékkareiknings var samþykkt 14. júní 2001. Stefndi hafði því heimild til að gefa út tékka með því skilyrði að næg innstæða væri fyrir hendi á reikningnum. Reikningi stefnda var lokað þann 5. september 2001 vegna vanefnda, en þá var skuldin kr. 63.315 og er það stefnufjárhæð máls þessa. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Skv. Þjóðskrá er stefndi óstaðsettur í hús. Ber stefnanda því nauð-syn til að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Vísað er til tékkalaga nr. 94/1933, einkum 7. kafla laganna um fullnustu vegna greiðslufalls. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður

stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. í III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskatt-skyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Reikningsyfirlit dags. 11. október 2001.
2. Afrit innheimtubréfs dags. 8. nóvember 2001.
3. Staðfesting Þjóðskrár.
4. Lögbirtingablað þar sem stefna þessi birtist.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, þann 27. júní 2002, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvars-manna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 10. maí 2002.
F.h. stefnanda,
Hanna Lára Helgadóttir hrl.

(5132

Dómstjórinn í Reykjavík

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Bjarki H. Diego hrl., að hann þurfi fyrir hönd Hávöxtunarfélags-

ins hf., kt. 611284-0479, Ármúla 13a, 108 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á eftirfarandi hlut-deildarskírteinum sem eigandi telur glötuð.

Fyrirsvar: Bjarki H. Diego hrl. kveðst fara með málið fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dóm-kröfur að neðangreind hlutdeildarskírteini, í eigu dánarbús Helgu S. Melsted, kt. 220514-3589, verði ógilt með dómi:

Einingabréf 2 nr. H-9000-261, að nafnverði 94,2765 einingar,
skyndibréf nr. 304, að nafnverði kr. 10.000,
skyndibréf nr. 321, að nafnverði kr. 10.000

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveð-ur ofangreint einingabréf vera útgefið af Hávöxtunarfélaginu hf. og ofangreind skyndi-bréf vera útgefin af Marksjóðnum hf., kt. 680487-1629. Síðarnefnda félagið hafi verið sameinað Verðbréfasjóðnum hf., kt. 510185-1109, og hafi samruninn verið miðaður við 31. desember 2000. Verðbréfasjóðurinn hf. hafi síðan verið sameinaður Hávöxtunarfélaginu hf. og hafi samruninn verið miðaður við 30. júní 2001. Marksjóðurinn hf. hafi verið afskráður úr hlutafélagsskrá þann 31. ágúst 2001 og Verð-bréfasjóðurinn hf. hafi verið afskráður úr hluta-félagaskrá þann 8. febrúar 2002. Verðbréfa-sjóðurinn hf. hafi því upphaflega tekið yfir réttindi og skyldur Marksjóðsins hf. og síðar hafi stefnandi tekið yfir réttindi og skyldur Verð-bréfasjóðsins hf. og því sé stefnandi réttur aðili þessa máls, sbr. 43. gr. laga nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, sbr. 6. gr. laga nr. 17/1999. Þegar eigandi hafi ætlað að innleysa ofangreind bréf hafi þau ekki fundist og þau hafi ekki enn fundist þrátt fyrir mikla leit. Til þess að geta neytt þeirra réttinda sem bréfin beri með sér sé nauðsynlegt að fá þau ógilt með dómi og hafi eigandi hinna glötuðu bréfa veitt stefnanda umboð til máls-höfðunar í þessu skyni sem lagt verði fram við þingfestingu málsins.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 43. gr. laga nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, sbr. 6. gr. laga nr. 17/1999. Um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Beiðni um leyfi til einkaskipta vegna dánar-bús Helgu S. Melsted.
2. Staðfestingu frá sýslumanninum í Reykja-vík um framlengingu frests til að ljúka skiptum vegna dánarbúsins, dags. 19. febrúar 2002.
3. Umboð til Svölu Thorlacius hrl., dags. 8. nóvember 2001.
4. Umboð til höfðunar ógildingarmáls, dags. 22. mars 2002.
5. Lögbirtingablað sem sýnir stefnubirtinguna.
6. Sýnishorn af einingabréfi.
7. Sýnishorn af skyndibréfi.
8. Vottorð frá hlutafélagaskrá um samruna Marksjóðsins hf. og Verðbréfasjóðsins hf.
9. Vottorð frá hlutafélagaskrá um samruna Verðbréfasjóðsins hf. og Hávöxtunarfélags-ins hf.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framanskrað bréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem sett verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjar-torg, fimmtudaginn 27. júní 2002, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð í dóm, hlýða á dóm-kröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má

búast við því að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 15. maí 2002.
Friðgeir Björnsson.

(5382

Dómstjórinn í Reykjavík

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Bjarki H. Diego hrl., að hann þurfi fyrir hönd Hávöxtunarfélagsins hf., kt. 611284-0479, Ármúla 13a, 108 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á eftirfarandi hlutdeildarskírteini sem eigandi telur glatað.

Fyrirsvar: Bjarki H. Diego hrl. kveðst fara með málið fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að neðangreint hlutdeildarskírteini verði ógilt með dómi:

Einingabréf 10 nr. X-9000-464, að nafnverði 65,4436 einingar, eigandi Eygló Hulda Óskarsdóttir, kt. 040980-3779.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður ofangreint einingabréf vera útgefið af Hávöxtunarfélaginu hf. sem sé réttur aðili þessa máls, sbr. 43. gr. laga nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, sbr. 6. gr. laga nr. 17/1999. Þegar eigandi hafi ætlað að innleysa ofangreint bréf hafi það ekki fundist og það hafi ekki enn fundist þrátt fyrir mikla leit. Til þess að geta neytt þeirra réttinda sem bréfið beri með sér sé nauðsynlegt að fá það ógilt með dómi og hafi eigandi hins glataða bréfs veitt stefnanda umboð til málshöfðunar í þessu skyni sem lagt verði fram við þingfestingu málsins.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 43. gr. laga nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, sbr. 6. gr. laga nr. 17/1999. Um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

- 1. Umboð frá eiganda til höfðunar ógildingarmáls.
- 2. Lögbirtingablað sem sýnir stefnubirtinguna.
- 3. Sýnishorn af einingabréfi.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framanskráð bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem sett verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 27. júní 2002, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 16. maí 2002.
Friðgeir Björnsson.

(5383

Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra, Freyr Ófeigsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Árni Pálsson hrl., kt. 070352-2579, Strandgötu 29, Akureyri, að hann þurfi fyrir hönd Sparisjóðs Ólafsfjarðar, kt. 610269-6809, Aðalgötu 14, Ólafsfirði að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra til ógildingar á tryggingarbréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi tryggingarbréf upphaflega að fjárhæð gkr. 3.000.000 útgefið í Reykjavík 17. desember 1980 af Krananum hf.,

Nauðungarsölur

Sauðárkrókur

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Suðurgötu 1, Sauðárkróki, fimmtudaginn 4. júlí 2002 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalgata 8, 1. hæð, kjallari og geymsla	Jenný K. Ragnarsdóttir og Hilmar Sverrisson	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	522.378
Ármúli, Sveitarfél. Skagafirði	Þórdís Eiríksdóttir	Íbúðalánasjóður	3.678.154
Mb. Berghildur SK-137 sksknr. 1581	Bergeyjan ehf.	Vélbátaábyrgðafélag Ísfirðinga	629.778
Mb. Bylgja SK-6 sksknr. 1819	Hofskel ehf.	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	329.188
Birkimelur Sveitarfél. Skagafirði	Linda Björg Reynisdóttir og Lúðvík A. Halldórsson	Íbúðalánasjóður	1.661.300
Eldishús og eldisstöð að Lambanesreykjum, Sveitarfél. Skagafirði	Máki hf.	Element hf. og Sindra Stál hf.	733.296
Flæðigerði 10, 15% hl.	Jón Geirmundsson	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	94.931
Freyjugata 19	Jón Björnsson	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	379.928
Freyjugata 21 n.h.	Guðmundur Guðmundsson og Jóhanna Svandóttir	Búnaðarbanki Íslands	3.443.840
Landspilda, 5,5 ha úr Vatnsleysu, Sveitarfél. Skagafirði	Björn F. Jónsson og Jón Friðriksson	Byggðastofnun	14.440.345
Neðri Ás 2, Sveitarfél. Skagafirði	Svanbjörn Jón Garðarsson	Búnaðarbanki Íslands hf.	2.708.544
Ránarstígur 6	Sigurður Halldórsson	Íbúðalánasjóður	1.181.542
Skógargata 1, e.h., norðurendi	Hrafnhildur Valgarðsdóttir	Íbúðalánasjóður	2.380.971
Skógargata 6b	Halldór Þorvaldsson og Sonja Hafsteinsdóttir	Íbúðalánasjóður	3.673.010
Slátur- og pökkunarhús, Lambanesreykjum, Sveitarfél. Skagafirði	Máki hf.	Reykjalundur	2.893.193
Sæmundargata 5, hluti F	Jón Geirmundsson	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	94.931
Sæmundargata 5g	B.A.D. ehf.	Lífeyrissjóður Norðurlands	1.232.521
Víðigrund 6 (0302)	Valgerður Sigtryggisdóttir	Íbúðalánasjóður	5.917.130
Víðimýri 8 (0301)	Guðrún Elín Björnsdóttir	Ríkisútvarpið	96.207

Sauðárkróki, 8. maí 2002.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki,
Ríkarður Másson.

Borgarnes

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Bjarnarbraut 2, Borgarnesi, fimmtudaginn 27. júní 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
50% af jörðinni Kolsstöðum, Hvítársíðu 5440)	Jón Einar Jakobsson og Lúmex ehf.	Burnham International á Ísl. hf.	1.686.335
Hl. Borgarbrautar 4, Borgarnesi 5441)	Lúx ehf.	Harald og Sigurður ehf.	67.671
Höfn 2, spilda úr landi Hafnar í Leirár- og Melahreppi 5442)	Margrét J. Jónsdóttir	Búnaðarbanki Íslands	4.392.509
Borgarnesi, 15. maí 2002. Sýslumaðurinn í Borgarnesi, Stefán Skarphéðinsson.			

Hvolsvöllur

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Austurvegi 4, Hvolsvelli, þriðjudaginn 2. júlí 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Árbakki, Holta- og Landsveit 5447)	Anders Hansen og Lars Hansen	Ríkisfjárhirsla	3.513.056
Hólavatn, A-Landeyjahreppi 5448)	Ólafur Óskarsson og Jóhannes H. Óskarsson	Lánasjóður landbúnaðarins	1.706.073
Hraunalda 1, Hellu 5449)	Hermann Ingason	Íbúðalánasjóður	439.057
Ketilhúshagi 3, sumarhús, eignarhluti gerðarþola, Rangárvallahreppi 5450)	Hildur Ólafsdóttir	Búnaðarbanki Íslands hf.	1.538.831
Lækjarhvammur, A-Landeyjahreppi 5451)	Gísli Heiðberg Stefánsson	Lánasjóður landbúnaðarins	475.134
Steinar I, A-Eyjafjallahreppi 5452)	Sigurjón Pálsson og Páll Magnús Pálsson	Lánasjóður landbúnaðarins	3.095.298
Hvolsvelli, 14. maí 2002. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, Kjartan Þorkelsson.			

Ólafsfirði til handhafa tryggðu upphaflega með 3. veðrétti í fasteigninni Ægisbyggð 8, Ólafsfirði en nú með 2. veðrétti í Ægisbyggð 12, Ólafsfirði þar sem númeraröð var breytt á Ægisbyggð í Ólafsfirði, þinglýst 22. desember 1980 nr. 787/1980.

Málavextir og málsástæður: Tryggingarbréfið sem krafist er ógildingar á var upphaflega að fjárhæð gkr. 3.000.000 útgefið í Reykjavík 17. desember 1980 af Krananum hf. til handhafa. Tryggingarbréfið var til tryggingar víxilskuld, hvort sem það væri höfðuðstóll, dráttarvextir, kostnaður, þar með allur innheimtukostnaður, réttargjöld, málflutningslaun o.fl., váttryggingar-iðgjald er veðhafi greiddi, eða annað að engu undanskildu, eftir reikningi veðhafa, samkv. víxli að fjárhæð kr. 3.000.000 útg. 10. desember 1981, en samþykktum af Krananum hf. með gjalddaga 10. júní 1981. Fasteignin Ægisbyggð 8, Ólafsfirði, þinglýst eign Gunnars Jónssonar var veðsett með 3. veðrétti og uppfærslurétti til tryggingar greiðslu skuldarinnar.

Tryggingarbréfið var þinglýst 22. desember 1980 með þinglýsingarnúmeri 787/1980.

Skuldir vegna framangreinds tryggingarbréfs segir stefnandi að fullu greiddar en frumrit þess sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Vegna þessa hafi ekki verið unnt að afmá tryggingarbréfið úr veðmálabókum og sé honum því brýn nauðsyn á að fá dóm til ógildingar á tryggingarbréfinu svo unnt sé að aflétta því af fasteigninni.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit tryggingabréfs.
4. Lögbirtingablað, sem stefna birtist í.
5. Þinglýsingarvottorð.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er

kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta í héraðsdómi Norðurlands eystra, er háð verður að Hafnarstræti 107, Akureyri fimmtudaginn 27. júní 2002 kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má búast við að úti-vistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Akureyri, 13. maí 2002.
Dómtjóri héraðsdóms Norðurlands eystra,
Freyr Ófeigsson.

(5400

Bifröst, félagsheimili, kt. 450169-7819, Skagfirðingabraut 2, 550 Sauðárkróki

gerir kunnugt: að það þurfi að höfða eignar-dómsmáls fyrir héraðsdómi Norðurlands vestra.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að honum verði dæmdur eignarréttur að kjallara félagsheimilisins Bifrastar, húss nr. 2 við Skagfirðingabraut á Sauðárkróki með öllu sem fylgir og fylgja ber þar með talið tilheyrandi lóðarréttindum.

Fyrirsvar: Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Félagsheimilið Bifröst á Sauðárkróki hefur verið notað til ýmiss konar menningar- og félagsstarfsemi allt frá byggingu þess, árið 1925. Stefnandi hefur annast rekstur og viðhald hússins hin síðari ár og áratugi. Stefnandi er félagsskapur eigenda hússins sem eru nú eftirtaldir: svf. Skagafjörður, U.M.F. Tindastóll, Leikfélag Sauðárkróks og Iðnaðarmannafélag Sauðárkróks. Miklar endurbætur hafa verið framkvæmdar á húsinu síðustu misseri m.a. vegna þess að þar hefur verið inn-réttaður fullkominn biósalur. Þessar framkvæmdir hafa alfarið verið fjármagnaðar af stefnanda. Komið hefur í ljós að kjallari hússins er þinglýst eign Bifrastar hf., skv. afsali dags. 4. janúar 1941. Á veðbókarvottorði kemur jafn-framt fram að kennitala þinglýsts eiganda sé 450169-7819, þ.e.a.s. kennitala stefnanda. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands er Bifröst, félagsheimili skráð í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands með kt. 450169-7819 og skráð pósthfang að Skagfirðingabraut, pósthólf 46, 550 Sauðárkróki. Engar aðrar upplýsingar er að finna um skráningu þessa félags hjá fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands. Samkvæmt því eru engar tiltækar upplýsingar um fyrirsvarsmenn hlutafélagsins Bifrastar hf., stofnun þess eða slit.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Stefnandi vísar til 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um heimild til útgáfu eignardómsstefnu. Um eignarétt stefnanda er m.a. vísað til laga um félagsheimili nr. 107/1970.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram máli sínu til sönnunar:

1. Stefnu þessa.
2. Lögbirtingablað er sýni stefnubirtinguna.
3. Veðbókarvottorð, dags. 15. maí 2002.
4. Staðfestingu Hagstofu Íslands, dags. 16. maí 2002.
5. Samþykktir fyrir félagsheimilið Bifröst, Sauðárkróki.
6. Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og leiða vitni verði tekið til varna í málinu.

Áskorun og fyrirkall: Stefnist hér með hverjum þeim sem kann að telja til réttar yfir nefndri eign, til að mæta er mál þetta verður þingfest á dómþingi héraðsdóms Norðurlands vestra, í dómsal embættisins, Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki, þriðjudaginn 25. júní nk. kl. 14.00,

til þess þar og þá að sanna rétt sinn yfir eigninni þar sem ella má búast við að stefnandi verði dæmdur eigandi hennar.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Sauðárkróki, 17. maí 2002.

Halldór Halldórsson héraðsdómari.

(5445

Íslandssmiðjan ehf., kt. 611299-4519, Háteigsvegi 7, Reykjavík

gjörir kunnugt: að það þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Friðriki Magnússyni, kt. 271050-2249, óstaðsettur í hús, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 151.150 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, frá 20. apríl 2000 til greiðsludags allt að frádregnum kr. 18.930 auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins. Krafist er vaxta-reiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Málflutningsumboð: Kristinn Hauksson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Skuld þessi er samkvæmt 1 reikningi vegna kaupa stefnda á vörum og þjónustu, allt skv. framlögðum reikn-ingi, hjá stefnanda í mars 2000. Reikningurinn er nr. 972, dags. 10. mars 2000, að fjárhæð kr. 151.150. Þann 8. desember 2000 greiddust kr. 18.930 inn á kröfuna sem gekk óskipt inn á þá áfallna dráttarvexti. Eftirstöðvar málsins eru því kr. 151.150 sem er stefnufjárhæð máls þessa. Reikningurinn var sendur stefnda á útgáfudegi hans og er krafist dráttarvaxta frá 20. degi næsta mánaðar eftir úttekt, sbr. skilmála er fram koma á reikningi þar um að frádreginni innborgun að fjárhæð kr. 18.930.

Þar sem stefndi hefur ekki sinnt innheimtu-tilmælum, er stefna þessi óhjákvæmileg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóð-skrá er stefndi óstaðsettur í hús og er því nauð-synlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þess í Lögbirtingablaðinu.

Lagarök: Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um efnidir fjárskuldbindinga einkum lögum nr. 50/2000 og rekur málið samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991. Dráttarvaxtakrafa er gerð á grundvelli III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, sbr. síðari breytingar. Kröfur sínar um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr.

Sönnunargögn: Stefnandi leggur fram máli sínu til sönnunar: 1 reikning, vottorð frá Hagstofu Íslands og innheimtubréf, dags. 29. mars 2001.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofan-greindum til að mæta er mál þetta verður þing-fest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal nr. 102, dómhúsínu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðju-daginn 25. júní 2002 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útvistardómur gangi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Útivist kann að valda dómtöku í málinu.

Reykjavík, 16. maí 2002.

Kristinn Hauksson hdl.

(5470

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum 30. apríl 2002 var bú Nýbýlis ehf., kt. 711290-1689, Unufelli 34, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 10. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða telja til muna í vörslum þess að lýsa kröfum sín-um fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra til skrifstofu hans, Kirkjutorgi 4, 2. hæð, 101 Reykjavík. Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjutorgi 4, 2. hæð, Reykjavík þriðjudaginn 13. ágúst 2002 kl. 10.15.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir fundinn.

(5045 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum 30. apríl 2002 var bú Rafsels ehf., kt. 630191-1149, Hnjúkaseli 5, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 29. nóvember 2001. Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða telja til muna í vörslum þess að lýsa kröfum sín-um fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra til skrifstofu hans, Kirkjutorgi 4, 2. hæð, 101 Reykjavík. Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjutorgi 4, 2. hæð, Reykjavík þriðjudaginn 13. ágúst 2002 kl. 10.15.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir fundinn.

(5046 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum 30. apríl 2002 var bú Þingvalla ehf., kt. 710599-3009, Skeggjastöðum, Mosfellsbæ, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 23. nóvember 2001. Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða telja til muna í vörslum þess að lýsa kröfum sín-um fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra til skrifstofu hans, Kirkjutorgi 4, 2. hæð, 101 Reykjavík. Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjutorgi 4, 2. hæð, Reykjavík þriðjudaginn 13. ágúst 2002 kl. 10.15.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir fundinn.

(5047 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-kveðnum 30. apríl 2002 var bú T. Ruth ehf., kt. 591199-3669, Eyjabakka 9, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við skiptin er 23. nóvember 2001. Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða telja til muna í vörslum þess að lýsa kröfum sín-um fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar.

